

A kærði til úrskurðar ákvörðun Tollstjóra um synjun á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna gjafar til D. Kærandi krafðist þess að fá endurgreiddan virðisaukaskatt vegna nefndrar gjafar, á grundvelli þess að D væru mannúðar- og líknarstofnun í skilningi 33. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi.

Tollstjóri leit til þess að þrátt fyrir að D væru í grunninn baráttusamtök þá veittu þau andlega meðferð og aðhlynningu til allra yfir 18 ára aldri sem þangað leituðu en þær stofnanir og félag sem talin væru upp í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 ættu það allar sameiginlegt að starfsemi þeirra snéri að aðhlynningu eða aðstoð við vistmenn eða þá sem þangað leitað. Auk þess væri þjónusta D ókeypis og næði til alls landsins.

Að þessu virtu var það mat Tollstjóra að telja bæri þá andlegu meðferð og aðhlynningu sem D veitti sambærilega við þá starfsemi sem sérstaklega væri tilgreind í 33. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi nr. 630/2008. Var því fallist á kröfu kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts af gjöf til D.